

Fyrirspurn

til samgönguráðherra um fjárfestingar Landssíma Íslands hf.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

1. Í hve mörgum fyrirtækjum hefur Landssími Íslands hf. keypt hluti, eða keypt að fullu, síðan rekstri fyrirtækisins var breytt í hlutafélag í eigu ríkisins?
2. Hve miklum fjármunum hefur Landssíminn varið til kaupa í öðrum fyrirtækjum síðan rekstri hans var breytt í hlutafélag?
3. Í hvaða fyrirtækjum á Landssíminn hluti núna og hve stóra? Hverjir eru meðeigendur í þeim fyrirtækjum?
4. Hversu miklum fjármunum hefur Landssími Íslands hf. varið til kaupa á þróunarverkefnum eða þróunarvinnu af eigin fyrirtækjum eða fyrirtækjum sem hann á hluti í? Af hvaða fyrirtækjum sem eru í eigu Landssímans hefur slík vinna verið keypt?

Skriflegt svar óskast.